



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

STAFNSVATNAVIRKJUN

Mannvirkjajarðfræði

Björn A. Harðarson
Ágúst Guðmundsson

OS-86039/VOD-14 B

Janúar 1986



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr.: 645

STAFNSVATNAVIRKJUN

Mannvirkjajarðfræði

Björn A. Harðarson
Ágúst Guðmundsson

OS-86039/VOD-14 B

Janúar 1986

EFNISYFIRLIT

	bls.
1 INNGANGUR	4
2 BERGGRUNNUR	6
2.1 Tertíera blágrýtismyndunin	6
2.2 Mörk tertíerra og kvarterra jarðmyndana	8
2.3 Kvarter jarðlög	9
2.4 Jarðlagahalli	10
2.5 Brotalínur og höggun	10
3 MANNVIRKJAJARÐFRÆÐI	12
3.1 Stíflustæði við Hraunlæk	12
3.2 Stíflustæði í Pallagili	16
3.3 Stíflustæði við Austaripolla	18
3.4 Geldingsárveita	18
3.5 Veituleið úr Hraunlækjardragi í Reyðarvatn	20
3.6 Veituleið úr Reyðarvatni í Stafnsvatnalægð	24
3.7 Stíflustæði við Rústakvísl	24
3.8 Stíflustæði í Keldudalsdrögum	28
3.9 Stíflustæði í Giljárdrögum	28
3.10 Stíflustæði við Neðra Stafnsvatn	28
3.11 Veituleið Stafnsvötn - Giljamúli	31
3.12 Aðrennslisgöng í Giljamúla	31
3.13 Ofanjarðarvirkjun	34
3.14 Neðanjarðarvirkjun	34
3.15 Vestari veita. Skurðleið yfir Hraunþúfumúla og ofan Runu	36
ÁFRAMHALD RANNSÓKNA	38
HEIMILDIR	48
VIÐAUKI 1 Staðsetning, hæð og dýpi kjarnahola	49
VIÐAUKI 2 Grunnvatns- og hitamælingar í borholum	51
VIÐAUKI 3 Gryfjulýsingar	55
VIÐAUKI 4 Hljóðhraðamælingar 1984	61

MYNDASKRÁ

Mynd 1	Yfirlitskort (í kápuvasa)	
Mynd 2	Hraunlækur - Geldingsá. Staðsetningakort	14
Mynd 3	Stíflustæði við Hraunlæk	15
Mynd 4	Stíflustæði í Pallagili	17
Mynd 5	Stíflustæði við Orravatn, Austaripolla og Geldingsárveita	19
Mynd 6	Hraunlækjardrag - Reyðarvatn. Staðsetningakort	21
Mynd 7	Hraunlækjardrag - Reyðarvatn. Vestari veituleið	22
Mynd 8	Hraunlækjardrag - Reyðarvatn. Austari veituleið	23
Mynd 9	Reyðarvatn - Stafnsvatnalægð. Staðsetningakort	25
Mynd 10	Veituleið Reyðarvatn - Stafnsvatnalægð	26
Mynd 11	Stíflustæði við Rústakvísl og í Keldudalsdrögum	27
Mynd 12	Stafnsvötn - Giljamúli. Staðsetningakort	29
Mynd 13	Stíflustæði við Neðra Stafnsvatn og í Giljárdrögum	30
Mynd 14	Veituleið Stafnsvötn - Giljamúli	32
Mynd 15	Aðrennslisgöng Giljamúla	33
Mynd 16	Langsnið við neðanjarðarmannvirki	35
Mynd 17	Skurðleið yfir Hraunþúfumúla og ofan Runu	37
Mynd 18	Borholusnið GL-01, GL-02 og GK-03	40
Mynd 19	Borholusnið GK-04 og GK-05	41
Mynd 20	Borholusnið GK-06 og GK-07	42
Mynd 21	Borholusnið GK-08 og GK-09	43
Mynd 22	Borholusnið GK-10 og GK-11	44
Mynd 23	Borholusnið GK-12	45
Mynd 24	Cobradorun. Borholusnið GC-245 til GC-273	46
Mynd 25	Cobradorun. Borholusnið GC-274 til GC-298	47
Mynd 26	Cobradorun. Borholusnið GC-299 til GC-321	48

1 INNGANGUR

Undanfarin fimm sumur (1981-1985) hefur farið fram jarðfræðileg forathugun á virkjunarsvæði Austari-Jökulsár í Skagafirði, svokallaðrar Stafnsvatnavirkjunar (mynd 1). Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum almennrar berggrunnskortlagningar og mannvirkjajarðfræðirannsóknna sem sérstaklega hafa beinst að ákveðnum mannvirkjastöðum. Þessar síðarnefndu rannsóknir, sem felast í kjarnaborun, gryfjum, Cobraborun og hljóðhraðamælingum, miðast fyrst og fremst við að finna þykkt lausra yfirborðslaga og frumkanna gerð, skipan og lekt jarðlaga á helstu stíflustæðum og skurðleiðum virkjunarkostsins.

Berggrunnskortlagningin sem hér er rætt um fór fram sumurin 1983 og 1984, auk nokkurrar viðbótar sumarið 1985. Árið 1983 var aðallega fengist við norðanverðan Vesturdal og Austurdal og farin gróf yfirferð yfir heiðarnar. Síðari árin var fyllt upp í eyður, sérstaklega á heiðunum. Gert hefur verið jarðfræðikort af vatnasviði Jökulánna og er áformað að gefa það út síðar í mælikvarða 1:50.000. Notaðar hafa verið 10 vikur í útivinnu við kortlagningu og þar af hafa um 2 vikur farið í ferðir og 1-2 nýst illa vegna veðurs.

Mannvirkjajarðfræðilegu rannsóknirnar hófust sumarið 1981 en þá voru mæld 14 hljóðhraðasnið (SA 1-14) á stíflustæði við Hraunlæk og á veituleið sunnan við Reyðarvatn.

Sumarið 1982 var rannsókn haldið áfram og mæld 66 hljóðhraðasnið (GS 1-65) á stíflustæði í Pallagili, veituleiðum sunnan og norðvestan Reyðarvatns og við Stafnsvötn. Einnig voru boraðar rúmlega 30 Cobraholar við Stafnsvötn og í Giljarmýrum. Sunnan Reyðarvatns voru boraðar tvær kjarnaborholur (GL 1-2) og tvær titringsholur (GBL 1-2). Staðsetningar mælipunkta og borholusnið Cobrahola frá þessum tveim árum er að finna í skýrslu Orkustofnunar OS-82113/VOD53B ("Landmælingar og Cobraborun á Hofsafrétt 1982").

Sumarið 1983 voru mæld 54 hljóðhraðasnið (GS 101-156) á veituleiðum við Geldingsá, Rústakvísl, Runukvísl, Hraunþúfumúla og á Giljmúla. Einnig voru boraðar tæplega 140 Cobraholar (GC 101-238), aðallega á veituleiðum sunnan og norðvestan Reyðarvatns og á stíflustæði við Runukvísl. Þrjár písaðholur (GP 1-3) voru einnig boraðar með Cobrabor sunnan Reyðarvatns. Þrjár kjarnaholar (GK 3-5) voru boraðar á veituleið sunnan við Reyðarvatn. Staðsetningar mælipunkta og borholusnið Cobrahola frá 1983 er að finna í skýrslu Orkustofnunar OS-83110/VOD39B ("Mælingar á Hofsafrétt og í Skagafirði 1983").

Niðurstöður og túlkun allra hljóðhraðamælinga frá 1981-1983 voru birtar í skýrslu Orkustofnunar OS-84030/VOD15B ("Stafnsvatnavirkjun. Hljóðhraðamælingar 1981-1983"), sem út kom í mars 1984. Þar birtast einnig lausleg jarðlagasnið af helstu mannvirkjastöðum ásamt kjarnaborholusniðum.

Sumarið 1984 voru mæld 26 hljóðhraðasnið (GS 300-325) á stíflustæði við Hraunlæk. Einnig voru boraðar tæplega áttatíu Cobraholar (GC 245-321) við Hraunlæk, norðvestan Reyðarvatns og á Giljamúla. Fjórar kjarnaholar voru boraðar þetta sumar (GK 6-9), tvær á stíflustæði við Hraunlæk, ein sunnan Reyðarvatns og ein við Affall. Staðsetningar mælipunkta frá þessu sumri er að finna í skýrslu Orkustofnunar

OS-84111/VOD26B ("Mælingar á Hofsafrétt og við Urðarvötn 1984").

Sumarið 1985 voru boraðar þrjár kjarnaholur (GK 10-12) og tvær holur til mælinga á hitastigi í jarðgrunni (GP 4-5). Einnig voru grafnar sextíu gryfjur (GR 1-60) á fyrirhuguðum stíflustæðum. Staðsetningar mælipunkta frá þessu sumri eru í skýrslu Orkustofnunar OS-85114/VOD-23B ("Mælingar á Hofsafrétt og niður Giljamúla").

Ef ofangreindar rannsóknir eru teknar saman er skiptingin milli ára eftirfarandi;

Ár	Fjöldi hljóðhr.mæl.	Fjöldi Cobrahola	Kjarnaborun fj. hola borm.		Skýrslur
1981	14				
1982	66	33	2	33	OS-82113/VOD53B
1983	54	138	3	67	OS-83110/VOD39B OS-84030/VOD15B
1984	26	77	4	90	OS-84111/VOD26B
1985			3	87	OS-85114/VOD23B
Alls	160	238	12	277	

Þess skal getið að auk ofangreindra mannvirkjajarðfræðilegra rannsókna hafa farið fram á svæðinu ýmsar aðrar rannsóknir s.s. berggrunnsrannsóknir, byggingarefnisleit, vatnafarsathuganir og umhverfisrannsóknir auk landmælinga.

Í desember 1984 kom út forathugunarskýrsla um virkjunina. Skýrslan var unnin að mestu á Verkfræðiskrifstofu Sigurðar Thoroddsen og heitir "Virkjun Austari-Jökulsár. Stafnsvatnavirkjun. Forathugun", OS-84105/VOD11. Þar er m.a. stutt samantekt um jarðfræði virkjunarsvæðisins og hugsanleg byggingarefni. Fyrirkomulag virkjunarkostsins og einkennistöður sem hér eru notaðar eru samkvæmt því sem fram kemur í þeirri skýrslu.

2 BERGGRUNNUR

Berggrunni í innanverðum Skagafjarðardölum og á afréttinni þar suður af má skipta í tvo höfuðflokka: þ.e. berg frá tertíerum tíma (aðallega 5-9 milljón ára gamalt) og berg frá kvarterum tíma þ.e. frá síðustu tveimur milljónum ára. Skal nú reynt að rýna í sögu jarðmyndana á þessu svæði.

Á Mið-Norðurlandi er mikil blágrýtishella, samsett úr ótölulega mörgum basalt hraunlögum og teygir hún sig frá ströndinni á milli Húnaflóa og Skjalfandaflóa að norðan og hverfur síðan til suðurs undir yngri jarðmyndanir á miðhálandi Íslands.

Elsti hluti blágrýtisins er við mynni Eyjafjarðar (um 12 milljón ára). Jarðlögum hallar í höfuðdráttum til suðurs og suðvesturs og yngjast þau í þá átt. Í botni inndala Skagafjarðar er komið í berglög sem mynduðust fyrir minna en 9-10 milljón árum. Ekki er þetta einn órofinn basaltlaga stafli, heldur eru í honum nokkur líparítsvæði (megineldstöðvar), svo sem í Súlum sunnan Akureyrar, í Tindastól við Sauðárkrók og í tungunni á milli Austurdals og Vesturdals sem er á neðanverðu virkjanasvæðinu, sem nú verður tekið til umfjöllunar. Líklega er síðastnefnda líparítsvæðið samhangandi við líparítsvæði, sem finnst við Torfufell og í Villingadal í innanverðum Eyjafirði.

2.1 Tertiera blágrýtismyndunin

Fyrir liðlega 9 milljón árum var landslag á umræddu svæði tiltölulega mishæðalítil hraunháslétta. Í tungunni á milli Jökulsánnar er nær órofinn stafli af þunnum póleiítbasaltlögum (4-8 m) af þeirri gerð, er oft myndast á jöðrum megineldstöðva (og er kallað megineldstöðva-póleiít). Þessi stafli megineldstöðvapóleiíts sem er kölluð hér póleiítstyrpa eldri (póleiítstyrpa I,) nær samfelld frá ármótum Héraðsvatna, inn með gili Austari-Jökulsár, inn fyrir Skatastaði og þar upp í hliðar fjallsins Elliða, upp í 600 m hæð. Heildarþykkt styrpunnar frá ármótum Héraðsvatna (við botn hennar), upp að hjallanum ofan Skatastaða er um 1000 - 1300 m. Jarðlögum þessarar styrpu hallar 5-10 gráður í SSV.

Megineldstöðvapóleiítið leiðir grun að því, að fyrir 8 - 9 milljón árum sé eldvirkni hafin í megineldstöð í grenndinni, e.t.v. undir líparíthrúgaldinu sem er sunnan við Elliða. Er þess þá að vænta að afmarkaðar hæðir hafi staðið upp úr hraunhásléttunni og á milli þeirra hafi legið grunn daladrög. Auk þess benda miklir vatnsnúnir hnúllungar í setlögum við Ábæ í Austurdal til þess að verulegir vatnsfarvegir séu farnir að myndast á þessum tíma, e.t.v. vegna þess að vatn hafi hlaupið úr lónum við jaðra megineldstöðvar.

Í 600 m hæð í norðanverðum Elliða er mikill hjalli og ofan hans er setlag, sem er aðallega úr súru túffi og súrri breyskju. Til norðurs má rekja þetta setlag inn í aldursákvarðað jarðlagasnið sem er í Bakkadal í Austurdal (innan við Gilsbakka) og er aldur setsins samkvæmt því tæplega 9 milljón ár.

Til suðurs virðist þetta setlag ganga inn í botninn á miklu líparít-

og súrbreyskju-hrúgaldi, sem nær upp á yfirborð (850 m hæð) í Hrútagilsdrögum í fjallinu á milli Giljadals og Austurdals. Fleygur úr súra setlaginu og andesítlög, sem liggja ofan á því, ganga til suðurs eftir hlíðinni Sperðli inn undir Keldudal í Austurdal og inn Vesturdal, þar sem þau hverfa í Hofsá, um miðja vegu á milli Gilja og Þorljótsstaða (við Flúðahyl). Ekki er ástæða til að ætla að súra setlagið og Sperðilslíparítið marki upphaf eldstöðvarinnar heldur bendir megineldstöðvápóleiítið í Austurdal til þess að hún sé orðin virk löngu fyrr. Eftir því sem næst verður komist er mesta þykkt súra hrúgaldsins á bilinu 250 - 300 m. Súra setlagið og andesítið, sem því fylgir, eru í neðri hluta utanverðs Giljamúla og geta því lent inn á jarðgangaleiðum, ef virkjað verður í göngum ofan af utanverðum Giljamúla.

Auk þess er líparít innarlega í Vesturdal (Runu) við Hraunþúfugil og í botni Austurdals við Keldudalsmúla. Sennilega er þetta líparít af sama aldri og Sperðilslíparítið.

Ofan á súra setlagið og utan á súra hrúgaldið í Hrútagilsdrögum og Sperðli leggst samfelld syrpa af megineldstöðvápóleiíti, sem kölluð er póleiítsyrpa yngri (póleiítsyrpa II). Norðan við súra hrúgaldið finnst hún í brúnum Elliða en að sunnan er hún í miðhluta Giljadals og Giljamúla, auk þess sem hún liggur inn með hlíðum Austurdals, allt inn í Keldudal. Í Vesturdal er líklegt að póleiítsyrpa yngri taki yfir mikinn hluta berggrunnins í Giljamúla. Ljóst er að þykkt póleiítsyrpu yngri er á bilinu 350 - 400 m. Í grennd við Þorljótsstaði í Vesturdal er póleiítsyrpan ekki jafn samfelld og norðar, því að setlög úr sandsteini og völubergi virðast hafa komið inn í syrpuna úr suðurátt eins og síðar verður vikið að. Í gili ofanhallt við Þorljótsstaði finnast á strjálungi 1-5 m þykk setlög, þegar farið er upp í gegnum póleiítsyrpuna.

Sunnar í Vesturdal, innan við Þorljótsstaði, er móbergshrúgald grafið í póleiítsyrpu yngri. Móbergið virðist liggja undir Giljamúla á Stafnsvatnasvæðinu. Á svæðinu frá Illagili suður að Hraunþúfugili (þ.e. í Runu) ris móbergshrúgaldið víða upp úr póleiítsyrpunni og kvarter jarðlög leggjast mislægt ofan á móbergið. Frá norðurenda móbergshrúgaldsins liggur tagl úr setmóbergi til norðurs út Vesturdal. Þessu setlagi fylgja lekaleiðir og má sjá lindaröð fylgja því eftir hlíðinni (í Reitum) sunnan við Hrafnsgil í Vesturdal. Ekki er gott að leggja fram áreiðanlegar tölur um þykkt móbergshrúgaldsins en þó er þeirri tilgátu varpað fram að það sé 600 - 700 m þykkt.

Um 300 - 400 m ofan við neðri mörk póleiítsyrpu yngri eru nokkur andesítlög t.d. í gili Fossár þar sem hún fellur ofan í Vesturdal og í liðlega 500 m hæð í brúnum Giljamúla, gegnt Fossá. Þá er og að finna líparít á svipuðum slóðum innan póleiítsyrpunnar t.d. í brúnum Vesturdals, í Runu suður við Hraunþúfugil og á nokkuð stóru svæði í grennd við Keldudal í Austurdal (í Keldudalskrók). Líklegast er, að síðastnefndu líparítssvæðin séu mynduð í súrum gosfasa á elliárum megineldstöðvarinnar og á sama tíma og efsti hluti póleiítsyrpu yngri myndaðist.

2.2 Mörk tertíerra og kvarterra jarðmyndana

Norðan línu sem hugsast dregin frá Austurdal, um Keldudal og yfir í Hraunþúfugil í Vesturdal eru skörp mörk á milli tertíerra og kvarterra jarðmyndana.

Yfirborð tertíera bergsins hefur rofist talsvert og í það hafa myndast grunnir dalir og lágir ásar. Ofan á tertíera berggrunninn hefur víðast hvar lagst þekja úr völubergi og jökulbergi. Sumsstaðar eru lindir og lekaleiðir í þessu mislæga seti. Mislæginu má fylgja frá Hlíðarfjalli í norðri (200-450 m hæð), suður um Hrútagil (500 m), um Giljamúla (550 m) og suður með brúnum Vesturdals, inn fyrir Hraunþúfugil, þar sem það hverfur í dalbotninn í u.þ.b. 500 m hæð. Í Austurdal er mislægið miklu ógreinilegra en er þó líklega undir kolli Elliða (800 m) og aftur sunnan Keldudals (700 m) og þaðan er óljóst hvar mörkin liggja suður með Austurdal (Jökuldal) um Stórahvamm og inn í Pallagil. Grænar lindalínur í inndölum Austurdals, sem ganga inn í Nýjabæjarfjall (svo sem við Fossá og Hörtná), benda á tilvist mislægis þar.

Hvort sem gosvirkni hefur alfarið hætt á þessum slóðum fyrir 7 - 8 milljónum ára eða einhverntíma síðar, skal ekkert fullyrt um, en þó er ljóst að mikið rof hefur átt sér stað á vestanverðu svæðinu en að öllum líkindum var rofið langtum minna austan til. Að svo miklu leyti er séð verður engin merki eftir gosvirkni eða aðra stórvirka nýmyndun jarðlaga á vesturhluta svæðisins (þ.e. vestan línu frá Austurdal og Keldudal í norðri, um Reyðarfell og í Laugarfell í suðri,) á tímabilinu frá því fyrir 7 til 2,5 milljónum ára. Í austurhlíðum Austurdals virðist vera um verulega samfelldari jarðlagaupphleðslu að ræða síðustu 7 - 8 milljón árin. Er að sjá að gosvirknin hafi staðið lengur í grennd við Nýjabæjarfjall en vestar. Í austurhlíðum Austurdals virðist sá jarðlagastafla sem séður verður og er álitinn vera byggður upp fyrir 2 - 7 milljónum ára, vera mjög þunnur (e.t.v. 200 m). eru það fáein hraunlög með völubergslögum á milli. Fyrir 2 milljónum ára færast upphleðsluöflin mjög í aukana með hrauna og setlagamyndun á öllu svæðinu.

Skagafjörður og inndalir hans hafa haft langan tíma til mótunar og er fátt sem mælir gegn því að það hafi gerst á síðustu 6 - 7 milljón árum, þótt niðurrifsöflin fengju ekki byr undir báða vængi fyrr en ísöldin gekk í garð. Í miðjum Skagafirði eru ótvíræð merki þess að mikill dalur hafi verið myndaður þarna fyrir a.m.k. 2 milljónum ára. Í utanverðum firðinum eru mislægar jarðmyndanir (u.þ.b. 2 milljón ára) í Gönguskörðum í 100 - 300 m hæð. Í Drangey og Þórðarhöfða eru liðlega milljón ára gamlar jarðmyndanir sem ná niður fyrir sjávarmál. Í innanverðum Skagafirði, sunnan Steinsstaða eru setlög í Hellisási í 150 - 250 m hæð og er talið að þau séu frá miðbiki ísaldar (e.t.v. 1,5 milljón ára). Í vestanverðu Hlíðarfjalli sem gengur norður tunguna á milli Jökulsánnu eru hraunlög frá miðhluta ísaldar ofan 300 m hæðar en undir þeim eru mikil setlög sem ná niður undir 200 m hæðarlínuna. Þegar komið er inn í Austurdal má sjá ferskgrátt, dilótt basalt frá miðhluta ísaldar í 400 - 450 m hæð beggja vegna við mynni Tinnárdals og segir þetta ótvíræða sögu um aldur dalsins. Nafnið Tinnárdalur er líklega dregið af biksteini sem er í u.þ.b. 500 m hæð norðantil í dalsmynninu þar sem laggangur sker súrt setlag en biksteinninn líkist mjög hrafntinnu og finnast molar úr honum í Tinnánni.

Í vesturdölunum (Vesturdal og Goðdaladal) lækka mörkin Tertier - Kvarter inn eftir dölunum auk þess virðast mörkin lækka í heild til vesturs, þar til komið er í Svartárdal, þá hækka þau aftur mjög mikið vestan hans. eru þau í >900 m hæð í Járnhrygg og í 1000 m hæð í Mælifellshnúki. Að því er séð verður út frá því sem kortlagt hefur verið, hefur í byrjun Kvartera tímans verið breiður dalur með SA - NV stefnu inn af núverandi Skagafjarðardölum og var NA hlið hans um Hraunþúfugil, Miðhlutará og síðan í hálsinum innan við Goðdalakistu. Annar grynnri og minni dalur hefur líklega legið að miklu leyti á sömu slóðum og Austurdalur er nú.

2.3 Kvarter jarðlög

Þar sem kvarter jarðlög leggjast ofan á hin tertíeru í Giljamúla (í 550 m hæð) verður nokkur breyting á eðli berggrunnins. Í kvarteru jarðlögum skiptast á hraunlög úr fersku, oft stórstuðla og þykku (> 10 m) basalti, en millilögin eru undantekningalítið vel samlímd völubergsg- og jökulbergslög.

Ekki er auðvelt að gera sér grein fyrir þykkt kvarteru jarðmyndanna en þó er ljóst að þær þykkna inn til miðju landsins. Líklega verður dýpst komist niður í kvarteru jarðlögin við mynni Hraunþúfugils. Botn kvarteru jarðlaganna er þar í u.þ.b. 450 m hæð en hæðirnar beggja vegna gilsins ná 700 m hæð svo að kvarteru jarðlögin ná þar a.m.k. 250 m þykkt. Staðbundnar þykktir geta verið miklu meiri svo sem á Sandfelli og Lambafelli sem eru líklega jökulnúnar móbergshæðir u.þ.b. 700 þús. ára, þar sem um 150 m bætast við fyrrnefnda tölu. Í grennd við Hrafnsgil í Vesturdal er þykkt kvartera staflans um 200 m og í Goðdaladal eru kvarteru lögin um 250 m þykk. Austan Vesturdals og þeirra draga sem að honum liggja er mjög erfitt að gera sér ljósa þykkt kvarteru jarðlaganna. Ef að mörkin Tertier-Kvarter eru sett í Stórahvammi er þykkt laganna í grennd við Pallagil nálægt 150 - 200 m. Þessi jarðlög eru öll mynduð fyrir síðustu segulskipti þ.e. á segulskeiðinu MATUYAMA þ.e. eldri en 700 þús. ára. Í utanverðum Giljamúla, í um 660 m hæð og við Fossá norðan Lambafells finnast rétt segulmögnuð hraunlög sem álitíð er að séu frá segulvikinu JARAMILLÓ sem er um einnar milljón ára gamalt.

Sunnar á heiðunum er vafalítið um 70 m þykkur berglagastafli sem myndaður er á núverandi segulskeiði þ.e. á BRUNHES eða á síðustu 700 þús. árum. Berglög með núverandi segulstefnu finnast suðvestan við línu sem bugðast frá Laugafellshnúki, um Austari-Jökulsá við brúna, um Orravatnsrústir og hæðirnar suðaustan við Reyðarvatn, vestur um Miðkvíslar, krækja suður fyrir Bleikáluháls en ganga norður með honum að vestanverðu, norður að gljúfri Hraunþúfuár. Þaðan liggja mörkin til vesturs í alls kyns bugðum og tungum og hefur þeim verið fylgt vestur yfir Vestari-Jökulsá skammt sunnan við Skiptabakka.

Berglög með núverandi segustefnu eru á engan hátt frábrugðin eldri kvarterum jarðlögum. Austan við Vestari-Jökulsá eru lögin oftast úr ólivín-þóleítti en vestan Vestari-Jökulsár eru basaltlögin yfirleitt 5-10% dílótt. Bergstaflinn með núverandi segulstefnu spannar líklega 3-4 hraunþekjur, sem runnið hafa á hlýskeiðum og á milli hraunþekjanna eru setlög úr völu- og jökulbergi sem eru mjög breytileg að þykkt. Í sumum tilfellum eru þykkar jökulbergisöldur tengdar set-

lögnum og ganga þær stundum upp í gegnum efri og yngri basaltþekjur, jafnvel upp á núverandi yfirborð, sem getur verið tveim til þrem hraunþekjum ofar en rætur jökulbergsaldanna liggja. Á stöku stað eru móbergslög á milli basaltlaganna, svo sem við austurkvísl Vestari-Jökulsár. Á nokkrum stöðum á vatnasviði Vestari-Jökulsár ganga öfugt segulmagnaðar móbergshæðir upp í gegnum rétt segulmögnuðu basaltþekjurnar og skjóta þá rótum langt niður í berglagastaflann.

Meðfram Hofsjökli liggur samfelldur móbergsfellakragi og er hann rétt segulmagnaður. Eftir því sem séð verður eru flest móbergsfellin eldri en síðasta jökulskeið því að utan á fellunum finnast stundum kragar eða smáskellur úr hraunlögum (grágrýtislögum) sem runnið hafa á hlýskeiðum.

Á svæðinu á milli Bleikálukvíslar og Vestari-Jökulsár má e.t.v. rekja jarðlög dálítið aftur í tímann. Við Ásbjarnarvötn er mikið dílabasaltlag og er það lítilsháttar núíð af jökli. Því er gert ráð fyrir að hraunið hafi runnið á síðasta hlýskeiði. Norðvestan við Ásbjarnarvötn eru hlýskeiðshraunlög úr ólivínþóleiíti sem eru öllu meira núin og orpin jökulruðningi. Þessi hraunlög eru út frá útliti sínu tímasett á næstsíðasta hlýskeiði. Undir þessu hraunlagi eru a.m.k. ein til tvær basaltþekjur með "réttu" segulstefnu og er jökulberg á milli laganna svo að hlýskeiðsjarðlög frá núverandi segulskeiði benda til a.m.k. fjögurra hlýrra tímabila á milli jökulskeiða.

Mjög óljósar hugmyndir eru fyrir hendi um þykkt þess jarðlagastafla sem hlaðist hefur upp á núverandi segulskeiði (þ.e. síðustu 700 þúsund árin) en líklega er þykkt hans 50 - 70 m fáeinum km norðan Hofsjökuls þ.e.a.s. þar sem ekki eru móbergsfjöll.

2.4 Jarðlagahalli

Tertíeru jarðlögnum hallar í suð-suð-vestur. Hallinn er mestur við gljúfur Héraðsvatna og Austari-Jökulsár nálægt 10 - 15 gráður en í Vesturdal er hallinn minni eða 3 - 6 gráður. Kvarteru jarðlögnum hallar lítilllega í suðvesturátt (0,5 - 2 gráður).

2.5 Brotalínur og höggun

Í neðsta hluta jarðlagastaflans sem skoðaður var, þ.e. í dalbotnum í gljúfrum Jökulsárna og Héraðsvatna er bergið allt sundurskotið af göngum og þar er einnig fjöldi misgengja. Gangapéttleikinn er mestur í grennd við ármót Jökulsárna en grisjast mjög nokkru sunnar. Segja má að á þessu svæði sé svokallaður gangasveimur en á slíkum stöðum hefur stór hluti ganganna svipaða stefnu. Þetta veldur einhverri skekkju þegar sprungu- og gangarósir eru gerðar fyrir allt svæðið þannig að gangasveimurinn gefur villandi topp í sprungurósina. Opnur í berggrunn sunnar í dölunum eru ekki eins heppilegar og í gljúfrunum til þess að kortleggja ganga og misgengi. Í Vesturdal finnast gangar og misgengi á stangli og í innanverðum Austurdal á mótis við Keldudalsmúla er misgengjabelti.

Þar sem misgengi og gangar geta haft áhrif á gerð neðanjarðarmann-
virkja voru mældar ganga- og misgengjastefnur og færslur misgengja sem
sáust á loftmyndum. Hér eru eingöngu birtar niðurstöður þeirra mæl-
inga sem gerðar voru í tertíeru bergi. Gerðar voru þrjár mismunandi
stefnurósir, hver fyrir eftirtalinn þátt (sjá stefnurósir á mynd 12):

1. Brotalínur eftir loftmyndum og mæld misgengi og gangar á vett-
vangi.
2. Brotalínur eingöngu eftir loftmyndum.
3. Gangar og misgengi mæld á vettvangi.

Talið er líklegt að brotalínurós 2 sem teiknuð er eftir loftmyndum
eingöngu sýni líklegustu sprungustefnudreifingu í berggrunni Gilja-
múla.

3 MANNVIRKJAJARÐFRÆÐI

Í þessum kafla er fjallað um þær mannvirkjajarðfræðilegu rannsóknir sem gerðar hafa verið undanfarin fimm sumur á virkjunarsvæðinu. Þær hafa nánast eingöngu beinst af þeim mannvirkjastöðum sem ráðgerðir eru í forathugunarskýrslu VST (sjá mynd 1). Byrjað er á að lýsa aðstæðum við áætluð stíflustæði suður við miðlunarlón í Austurbug og haldið norður veituleiðir og endað við frárennslismannvirki norður í Vesturdal.

Þau jarðlagasnið sem hér birtast eru breytt frá fyrri útgáfu (OS-84030/VOD-15B) auk nýrra sniða. Á staðsetningarkortum sem hér fylgja eru allar hljóðhraðamælingar, cobraholur og kjarnaholur sem gerðar hafa verið frá upphafi rannsókna á virkjunarsvæðinu. Úrvinnsla og túlkun hljóðhraðamælinga 1981-1983 eru ekki sýnd hér og heldur ekki cobrasnið frá 1981-1983 sem eru í fyrrgreindum skýrslum Orkustofnunar. Borholusnið kjarnaborhola eru á myndum 18 til 23 og cobrasnið frá 1984 (GC-245 til GC-321) eru á myndum 24, 25 og 26. Hnit, hæðir og dýpi allra kjarnahola eru í viðauka 1. Niðurstöður allra jarðvatns- og hitamælinga í borholum eru í viðauka 2 og gryfjulýsingar eru í viðauka 3. Niðurstöður hljóðhraðamælinga frá 1984 eru í viðauka 4.

3.1 Stíflustæði við Hraunlæk

Í Austari-Jökulsá koma tvö stíflustæði helst til greina þ.e. við Hraunlæk og í Pallagili rúmlega 3 km norðar (sjá mynd 1). Á stíflustæði við Hraunlæk hafa 32 hljóðhraðasnið verið mæld, 10 cobraholur verið boraðar og tvær kjarnaholur sumarið 1984 (GK-06 og GK-09, sjá staðsetningu á mynd 2). Jarðlagasnið A-A' á mynd 3 sýnir niðurstöður þessara rannsókna. Jarðfræðin á stíflustæðinu, sérstaklega að vestanverðu, virðist allflókin m.a. vegna þykkra jökulbergsfyllinga sem hafa lagst yfir og fyllt gil og farvegi. Jökulbergið er hundruð þúsunda ára eldra en núverandi farvegur Jökulsárinnar.

Kjarnaborhola GK-06 (28 m djúp) er á stíflustæðinu austanverðu um 600 m frá farvegi Jökulsár (sjá staðs. á mynd 2 og borholusnið á mynd 20). Laus yfirborðslög eru 2 m þykk en þar fyrir neðan er rúmlega meters þykkt, fremur brotið ólívín basaltlag. Undir því er um 7 m þykkt, þökkalega samlímt jökulbergslag. Veruleg lekt mældist í þessu jökulbergi á 4-8 m dýpi (60 LU). Undir jökulberginu eru síðan tvö 6,5 m þykk, heilleg basaltlög, hið efra ólívín basalt en hið neðra þóleiit. Neðstu 5 m holunar er í þökkalega samlímtu völuvergi. Lítil lekt mældist fyrir neðan 8 m dýpis í holunni. Grunnvatn var á rúmlega 5 m dýpi lengi vel meðan á borun stöð en féll niður á 11 m dýpi þegar kom niður í neðsta basaltlagið.

Kjarnaborhola GK-09, á norðurbakka Hraunlækjar, er um 30 m djúp (staðs. á mynd 2 og borholusnið á mynd 21). Frá yfirborði niður á 28 m dýpi er hálfharðnaður jökulruðningur og/eða illa samlímt jökulberg. Efstu 3 m eru mjög veðraðir og lausir þannig að ekki tókst að lektarmæla. Jökulruðningurinn er mjög sandkenndur og laus frá 6-8 m og veruleg lekt mældist á bilinu 5-8 m (60 LU). Þar fyrir neðan er jökulberg niður á 11 m dýpi en þar linast efnið aftur og er illa samlímt alveg niður á 28 m dýpi. Þó millimassi efnisins skolist út við borun og kjarnaheimta sé mjög lítil þá þarf það ekki endilega að þýða að efnið sé laust. Oft festast vökur í borkrónunni og varna því að heillegur kjarni náist upp en almennt má segja að jökulruðning-

ur/jökulberg verði að vera mjög vel samlímt og hart til að heillegur kjarni náist.

Á milli 28 og 29 m dýpis koma upp dílóttir basaltbútar sem gefa til kynna þunnt basaltlag eða fornt Grettistak. Undir því, neðst í holunni, er loks sandkennt völuberg. Lítil lekt mældist í holunni fyrir neðan 8 m dýpi.


Grunnvatnsborð var fyrst á 11 m dýpi en féll í þrepum, meðan á borun stóð, niður á 21 m dýpi eða í svipaða hæð og yfirborð Hraunlækjar er í á stíflustæðinu. Þetta bendir til þess að þéttar linsur í jökulruðningum/jökulberginu haldi uppi "fölsku" grunnvatni.

Þær fáu Cobrahólur sem boraðar voru gefa 2-5 m niður á "fast" (sjá mynd 3) en það skal tekið fram að jarðfarið á stórum hluta stíflustæðisins er vart hentugt til Cobraborunar.

Óregla í jarðfræði stíflustæðisins kemur m.a. fram í því að túlkun margra hljóðhraðamælinga er mjög óviss. Mælingarnar sýna flestar tvö lög þ.e. 2-7 m þykkt yfirborðslag með hljóðhraða 0,5-0,9 km/s (í flestum tilvikum líklega veðrað jökulberg eða jökulruðningur) ofan á "föstu" undirlagi með hljóðhraða 2,5-3,7 km/s (ýmist jökulberg eða basaltklöpp). Mun meiri rannsóknir (kjarnaborana) er þörf á stíflustæðinu til að þokkalega góð mynd fái af aðstæðum. Engar rannsóknir fóru fram á þessu stíflustæði 1985.

Ef stíflustæðið við Hraunlæk verður valið er líklegt að á byggingartíma verði Jökulsánni og Strangalæk veitt í Hraunlæk um lægð á milli Hraunlækjardrags og farvegs Jökulsárinnar. Í þessari lægð, sem vafalítið er gamall flóðfarvegur var mælt eitt hljóðhraðasnið (GS-310, sjá staðsetningu á mynd 2). Túlkun niðurstöðu mælingarinnar er ekki einhlít og þess vegna var grafin ein gryfja á sama stað 1985 (GR-53). Grafan komst rúma 3 m niður í malarríkan jökulruðning en á 3,1 m dýpi (kóti 696 m y.s.) var ruðningurinn orðin það harður að traktorsgrafan réð ekki við hann.


Auk aðalstíflunnar við Hraunlæk þarf að reisa litla stíflu um 800 m sunnan við Orravatn. Þar hafa þrjár cobrahólur verið boraðar (GC-140 til GC-142, sjá mynd 2). Tvær holanna gefa 2-3 m niður á fast en þriðja holan sem er um 200 m norðar gefur 11 m á fast. Sumarið 1985 voru grafnar þrjár gryfjur á stíflustæðinu (GR-50 til -52, sjá staðs. á mynd 2 og snið C3-C3' á mynd 5). Í GR-50, sem er uppi á melnum að austanverðu, voru 2,5 m á fast (sennil. bas. klöpp). GR-51 var grafin niður í malarnámu Vegagerðarinnar og þar fór grafin 2,7 m í malaruðningi. GR-52 er á lækjarbakkanum að austanverðu og þar var jarðklaki á 1,5 m dýpi í grýttu efni. Þetta stíflustæði þarf að kanna nánar.



MYND 3

STAFNSVATNAVIRKJUN

Stífluustæði við Hraunlæk



1:1000-MJ-645-BAM
65.05.0677-00

Stjá stöðsetningu á mynd 2

3.2 Stíflustæði í Pallagili

Í Pallagili við Austari-Jökulsá eru jarðfræðilegar aðstæður þannig, að þar eru jarðlög frá miðbiki ísaldar, þar sem skiptast á 8-10 m þykk hraunlög og þunn setlög (völu- og jökulbergslög). Á stíflustæðinu er þykkt (10-12 m), lagskipt gjalllag sem bendir til gjallgígs í grenndinni. Þetta gjalllag er nokkuð líkleg lekaleið. Vestan ár á stíflustæðinu er lagskipt túfflag (5-10 m þykkt) í u.þ.b. 680 m hæð.

Sumarið 1982 voru gerðar allýtarlegar jarðfræðiathuganir í ofanverðu Pallagili með tilliti til þess að þar yrði Austari-Jökulsá stífluð. Niðurstöður þessara athugana hafa ekki verið gefnar út. Sama sumar voru einnig mæld 20 hljóðhraðasnið í Pallagili á stað sem talinn var vænlegur sem stíflustæði (sjá staðsetningu á mynd 2). Jarðlagasnið B-B' (efra stíflustæði) á mynd 4 sýnir niðurstöður yfirborðsathugana og þessara mælinga.


Á austurbakka Jökulsár er gert ráð fyrir allþykum jökulruðningi eða jökulbergi (5-20 m) ofan á basaltklöpp. Staðsetning gjalllagsins sem sýnt er fyrir miðju sniði er óljós. Í hamraveggnum að vestanverðu eru a.m.k. þrjú þóleitt basaltlög og þar af eitt smástuðlað (nánast kubba-berg). Gjalllög á mótum basaltlaga virðast þunn. Ofan á efsta basaltinu er túfflag, sennilega um 10 m þykkt og ofan á því líklega jökulberg.

Stíflustæðið sem sýnt er í forathugunarskýrslu VST er í næstu bugðu fyrir neðan um 200 m norðar og þar er þversniðið gjörólíkt (staðsetning á mynd 2 og snið B1-B1' á mynd 4). Þar yrði stíflan um 720 m á lengd og miðað við krónuhæð 717 m y.s. yrði mesta hæð hennar 77 m (rúmmál 3 km³). Stífla á þessu neðra stæði yrði töluvert efnisminni en á efra stæðinu. Hjárennslisgöng yrðu vestan ár. Sumarið 1985 voru grafnar sjö gryfjur á vestanverðu stíflustæðinu (GR 54-60) til könnunar á þykkt lausra yfirborðslaga. Engar aðrar kannanir, utan yfirborðsathugana, hafa verið gerðar á þessu stíflustæði og það skal áréttað að aðstæður sem sýndar eru á sniði B1-B1' eru því nær eingöngu byggðar á yfirborðsathugunum. Berggrunnur er þar betur opinn og koma fram sömu jarðlög og fyrr voru nefnd auk þess sem gjalllagið stendur um 10 m hærra og er því mun meira áberandi. Einnig er þar gamall árfarvegur í vesturbakka, fylltur völu- og hnulungabergi. Meðfram Austari-Jökulsá í Pallagili eru víða kleggjar og fyllur úr jökulbergi og bendir það til þess að farvegur árinna á þessum stað sé eldri en ísaldarlok. Við neðra borð jökulbergsins koma fram lindir sem benda til þess að lekaleiðir séu á mörkum jökulbergsins og undirliggjandi berggrunns. Annars er mjög lítið vitað um jarðvatnsaðstæður á svæðinu.


Ef frekari áhugi verður á stíflustæði í Pallagili þarf að kanna þetta svæði rækilega m.a. með borunum og þá er sérstaklega aðkallandi að mæla lekt gjalllagsins og kanna jarðvatnsástand svæðisins.

MYND 4

Neðra stíflustæði í Palllagili



Efra stíflustæði í Palllagili



Sjá staðsetningu á mynd 2
Sjá skýringar á mynd 3

STA FNSVATNAVIRKJUN
Stíflustæði í Palllagili

3.3 Stíflustæði við Austaripolla

Ef stíflustæði verður valið í Pallagili þá þarf að byggja um 600 m langa stíflu og 200 m langt yfirfall skammt norðan Austaripolla. Krónuhæð yrði í u.þ.b. 717 m y.s. og mesta hæð stíflunnar um 16 m. Á þessum stað (sjá staðsetningu á mynd 2) hafa aðeins þrjár hljóðhraðamælingar verið gerðar til þessa (GS-140 til 142). Á mynd 5 er sýnt snið eftir stíflustæðinu (C-C') og samkvæmt hljóðhraðamælingunum eru laus yfirborðslög 2,5-4,0 m á þykkt. Undir þeim virðist vera jökulruðningur eða jökulberg 5-10 m á þykkt og þar fyrir neðan basaltklöpp. Þetta stíflustæði þarf að kanna mun betur ef Pallagilsstífla verður fyrir valinu.

3.4 Geldingsárveita


Gert er ráð fyrir að stífla Geldingsá um 3,5 km fyrir ofan ármótanna við Austari-Jökulsá og veita rennsli hennar um skurð til suðurs, í tjörn suðaustan Austaripolla (sjá yfirlitskort). Þaðan yrði sjálfrennsli í miðlunarlónið (Bugslón). Stíflan yrði um 150 m löng og 25 m há en skurðurinn 1200 m langur og hámarksdýpt hans um 15 m.

Á skurðleiðinni hafa verið mæld fjögur hljóðhraðasnið (GS-144 til -147), sjá staðsetningu á mynd 2 og jarðlagasnið C1-C1' á mynd 5. Samkvæmt hljóðhraða er þykkt lausra yfirborðslaga 1,5 - 3,5 m og undir allt að 7 m þykkur jökulruðningur. Sennilega er þó basaltklöpp í hæðinni á miðri skurðleiðinni eins og gefið er til kynna á sniðinu. Gera má þó ráð fyrir að á skurðleiðinni næst Geldingsá sé móberg þ.e. aðallega bólstra- og kubbaberg en jökulruðningskápa hylur berggrunninn algjörlega þegar kemur vestur fyrir farveg Geldingsár. Á þessari skurðleið má því vænta fjölbreyttari jarðlaga en sýnt er á mynd 5.


Á stíflustæðinu í Geldingsá hafa engar beinar kannanir verið gerðar utan lauslegrar yfirborðsathugunar. Eitt hljóðhraðasnið (GS-143) var mælt á vesturbakka árinna. Túlkun er óviss en bendir til 5 m þykkis jökulruðnings eða jökulbergs ofan á basaltklöpp. Á mynd 5 er sýnt snið (C2-C2') eftir stíflustæðinu. Laus yfirborðslög eru þunn og óveruleg en í efri hluta sniðs beggja megin árinna sér í jökulberg. Neðar í farveginum er kubbaberg af þóleiit gerð. Kubbabergið gæti verið mjög lekt og það þarf að kanna með borun og mælingum á næstu rannsóknarstigum.

VOD-MU-645-HB-AGG-BAH
85.05.0632.00


Stiflustæði við Austarípolla




Stiflustæði sunnan Orravatns



Skurðleið sunnan Geldingsár



Stiflustæði í Geldingsá



Sjá staðsetningu á mynd 2

Sjá skýringar á mynd 3

STAFNSVATNAVIRKJUN
Stiflustæði sunnan Orravatns,
við Austarípolla
og Geldingsárveita

3.5 Veituleið úr Hraunlækjardragi í Reyðarvatn

Ráðgerð veituleið úr Bugslóni hefst í Hraunlækjardragi norður í Reyðarvatn, um Affall, norður í lögðina milli Reyðarfells og Reiðhóls (Kvíslarlón). Úr Kvíslarlóni verður nánast sjálfrennsli norður í Stafnsvatnalögð (Stafnsvatnalón). Úr Stafnsvatnalóni er síðan fyrirhugað að veita vatninu um skurð norður að inntaki á Giljamúla.

Óvenju umfangsmiklar athuganir hafa farið fram á svæðinu milli Hraunlækjardrags og Reyðarvatns. Má þar nefna sex kjarnaborholur (GL-01, GL-02, GK-03, -04, -05 og GK-07), tvær borróholur (GBL-01 og GBL-02), þrjár jarðvatnsmæliholur (GP-01 til GP-03), 45 Cobrahólur og 24 hljóðhraðasnið (sjá staðsetningar á mynd 6).

Nokkrar veituleiðir hafa verið íhugaðar á milli Hraunlækjardrags (Bugslóns) og Reyðarvatns. Í forathugunarskýrslu VST er reiknað með stuttum skurði úr dragi Hraunlækjar, síðan tæplega 2 km löngum jarðgöngum (4,5 X 4,5 m) norður í Reyðarvatnslögðina og loks um 0,8 km löngum skurði að Reyðarvatni (vestari veituleið, sjá mynd 6). Jarðlagasnið D-D` hefur verið dregið í gegnum helstu mælistaði á þessari veituleið og er það sýnt á mynd 7.


Tiltölulega lítið er vitað með vissu um jarðfræðilegar aðstæður á jarðgangaleiðinni þar sem eina kjarnaborholan (GL-01) nær ekki niður í gangahæðina. Þó bendir ýmislegt til þess að jarðgöngin gætu verið að mestu í fersku og heillegu ólivín basalti. Völubergslög gætu þó hæglega verið í göngunum og eitt slíkt, sem fram kemur í kjarnaholu GK-05 um 0,4 km austar, er sýnt norðarlega á gangaleiðinni (mynd 7). Í borholum eru þessi setlög jafnan vel samlímd og ættu ekki að vera til trafala við jarðgangagerðina. Þó má búast við erfiðleikum ef lagamót milli sets og basalts verða að bylgjast um gangapakið á löngum köflum. Ekki er ólíklegt að svo geti orðið þar sem jarðlagahalli á svæðinu virðist vera mjög lítill og hraunlögin hafa runnið yfir mishæðalítið, smáöldótt landslag. Frekari kjarnaboranir eru nauðsynlegar niður í gangaleiðina svo unnt sé að meta aðstæður með einhverri nákvæmni.

Þar sem bergþekja er þynnst á gangaleiðinni (um 23 m) eru tjarnir á yfirborði og þ.a.l. gæti orðið verulegt vatnsstreymi inn í göngin í skamman tíma.



Aðstæður á skurðleið frá nyrðri gangamunna norður að Reyðarvatni eru allvel þekktar nú þegar eins og sést á mynd 7. Laus jarðlög virðast 8-10 m þykk ofan á basaltklöpp. Lítið er vitað um aðstæður á skurðleið um Reyðarvatnið sjálft en þar má búast við 5-8 m á klöpp.

Önnur veituleið sem skoðuð hefur verið er sýnd á mynd 6 og samsvarandi jarðlagasnið á mynd 8 (austari leið D1-D1`). Þar er gert ráð fyrir um 1,8 km löngum skurði úr Hraunlækjardragi (mesta dýpi um 26 m), síðan tæplega 1 km löngum jarðgöngum til norðvesturs og loks um 0,7 km löngum skurði að Reyðarvatni. Jarðfræðin er betur þekkt á þessari leið en hinn fyrri m.a. vegna fjögurra kjarnaborhola (GL-02, GK-03, -04 og -05). Syðri hluti skurðar yrði að mestu græfur fyrsta 1,0 km (jökulruðningur) en við GL-02 fer basaltklöppin hækkandi og er orðin afgerandi þar sem skurðurinn endar og jarðgöng taka við. Í kjarnaholu GK-03 koma fram þrjú völubergslög á milli basaltlaga, tvö þeirra eru um 1 m á þykkt en borholan nær ekki niður úr því þriðja (sjá mynd 8 og borholusnið á mynd 18).

Á jarðgangaleiðinni eru tvær kjarnaborholur (GK-04 og -05) en hvorug nær niður í fyrirhugaða jarðgangahæð. Um 4,5 m þykkt, vel samlímt völubergslag kemur fram neðarlega í GK-05 (fyrirnefnt setlag á sniði D-D`) sem gæti hugsanlega komið inn á gangaleiðina. Að öðru leyti er



MYND 7



STAFNSVATNAVIRKJUN
Vestari veituleið
Hraunlækjardrag - Reyðarvatn


D - D'

Sjá staðsetningu á mynd 6
Sjá skýringar á mynd 3

VOD.MJ.645.HB.BAH
SK.03.0437-00

STAFNSVATNAVIRKJUN
Austari veituleið
Hrauntækjardrag - Reyðarvatn

MYND 8



berggrunnurinn ferskt, heillegt ólivín basalt sem talið er gott jarðgangaberg. Sama gildir um þessa gangaleið og hina fyrri, að lagamót sets og basalts geta verið á löngum köflum í göngunum. Á gangaleiðinni er bergþekja þynnst aðeins um 16 m. Aðstæður á skurðleiðinni norður að Reyðarvatni eru svipaðar og á vestari veituleiðinni en þó er töluvert grýnnra á basaltklöppina í suðurhluta skurðar (mynd 8).

Þriðji veitumöguleikinn er að gera skurð alla leið í staðinn fyrir jarðgöng en hægkvæmni þess möguleika þyrfti einnig að kanna með nýjustu einingarverðum.

3.6 Veituleið úr Reyðarvatni í Stafnsvatnalægð

Gert er ráð fyrir að veita vatninu í skurði um Reyðarvatn og Affall í Kvíslarlón. Úr norðurenda lónsins er stuttur skurður í átt að Stafnsvötnum en síðan er sjálfrennsli í Stafnsvatnalón (mynd 1).

Á þessari veituleið hefur ein kjarnahola verið boruð (GK-08) og 65 Cobrahólur. Einnig voru gerðar 25 hljóðhraðamælingar. Staðsetningar mælipunkta eru á mynd 9 og þar er jafnframt sýnd staðsetning jarðlagasniðs E-E` sem er á mynd 10. Sniðið er dregið frá Reyðarvatni, um Affall, í gegnum Kvíslarlón og norður að Stafnsvatnalægð.

Þar sést m.a. að á skurðleið frá Reyðarvatni að Kvíslarlóni eru laus yfirborðslög 3-8 m á þykkt og heilleg og fersk basaltklöpp undir (sbr. borholu GK-08, borholusnið á mynd 21). Í borholu GK-08 mældist lekt basaltsins um 6 LU.

Aðstæður á skurðleið norður úr Kvíslarlóni eru ekki vel þekktar en flest bendir til að skurðurinn verði að mestu græfur.

3.7 Stíflustæði við Rústakvísl

